

Nd.

106. Frumvarp til laga

[73. mál]

um breyting á lögum nr. 82 5. júní 1947, um Matsveina- og veitingaþjónaskóla.

Flm.: Bjarni Benediktsson.

1. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Yfirstjórn skólans hefur menntamálaráðuneytið.

Ráðherra skipar til fjögurra ára í senn fimm manna skólanefnd, er hefur á hendi yfirumsjón skólans. Skal nefndin skipuð einum matreiðslumanni, einum framreiðslumanni, einum veitingamanni og einum fiskiskipsmatsveini, og skulu þessir menn skipaðir eftir tilnefningu hlutaðeigandi stéttarsamtaka, en fimmti nefndarmaðurinn án tilnefningar. Ráðherra skipar einn nefndarmannanna formann. Ráðherra skipar skólastjóra og kennara skólans, að fengnum tillögum skólanefndar. Skólastjóri skal jafnframt vera bryti skólans.

Með reglugerð skulu sett nánari ákvæði um starfsemi skólans, kennslutíma, námisefni og kennaralið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 83 8. desember 1952.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðasta þingi sem stjórnarfrv., en var fellt, væntanlega vegna þess, að þingmenn höfðu ekki áttað sig á því, að hagkvæmast er að hafa yfirstjórn skóla þessa í því ráðuneyti, sem vanast er meðferð slíkra mála, sem sé menntamálaráðuneytinu. Breytingin er ekki síður hagkvæm nú eftir stjórnarskiptin en áður var, og er frv. flutt í trausti þess, að þingmenn vilji að athuguðu máli hafa þann háttinn á, sem heppilegastur er.